

Festing og frágangur

Allir boltar og festingar eiga að vera heitgalvaniseraðar. Setja skal skinnur undir allar rær sem leggjast beint á tré og skulu þær vera minnst 3d á kant og þykkt þeirra 0,1d. Vanda skal vel allar festingar og skulu þær vera traustar.

Timbur í gólf, veggj og þak skal vera af gerð T1 eða betra.

Undirstöður

Súlur. Sumarbústaðurinn, geymslan og sölupallurinn hvíla á járnþentum steypum súlum. Borað er fyrir súlunum niður á fast. Hólkum komið fyrir og fyllt að þeim með sandi eða fínni grús.

Steypa í súlur skal vera C30 frá viðurkenndri steypustöð. Loftinnihald skal vera 5–7%, sementsmagn minnst 320 kg/m³. Stærsta kornastærð steypuefnis 32 mm og V/S tala innan við 0,55. Sigmál steypu skal vera 8–10 cm. Steypu skal víbra í mót.

Langbönd. Tveir 50x200 mm timburbitar, langbönd, með 10 mm krossviðsplötum á milli eru festir niður ofan á súlurnar með innsteypum 12 mm snittteinum og galv.stálplötu 4x60x90 mm. Undir sölupalla kemur eitt langband 50x200 mm sem fest er á sama hátt niður á steypu súlurnar.

Allir langbitar undir sölupöllum utanhúss skulu vera gagnvarið með A-gagnvörn. Gólfbita undir húsum skal fúaverja minnst 100 cm inn fyrir útveggi hússins með minnst tveim umferðum af viðurkenndu fúavarnarefni.

Gólf.

Gólfbitar. 50x150 mm gólfbitar leggjast ofan á langbita og eru þeir festir með BMF 48x320 heitgalvaniseruðum gaffalfestingum sem skal negla með 2x8 stk. BMF nöglum 31/40. Gólfbita skal fúaverja minnst 60 cm inn fyrir útveggi hússins með minnst tveim umferðum af viðurkenndu fúavarnarefni. Gólfbitar í sölupöllum utanhúss skulu vera gagnvarið með a-gagnvörn og festast eins og gólfbitar undir húsi.

Skambbitar. Fella skal 50 x 150 mm skambbita milli gólfbita undir frambrún á langhliðum hússins. Skulu þeir festir með 3 stk. Heitgalv. 5" saum í hvor enda. Fúaverja skal skambbita með tveim umferðum af viðurkenndu fúavarnarefni.

Frágangur á gólfum. Neðst innan á gólfbita skal skrúfa eða negla í lífm 25x25 mm timburlista til að mynda ásetu fyrir olíusodnar trétex plötur. 12 mm trétex er síðan fellt niður á milli gólfborðanna og fest með 25x25 mm timburlistum að ofanverðu. 5" steinullareinangrun er síðan þéttfeld á milli gólfbitanna. Ofan á gólfbitana og einangrunina kemur síðan byggingarplast (rakavarnarlag) sem límt er saman á öllum samskeytum og 22 mm spónaplötur sem skrúfaðar verða fastar ofan í gólfbitana.

Ganga skal frá gólfi bústaðar áður en að veggir verða reistir og skal breiða plastdúk eða annað yfir þá til að verja gólfíð meðan bústaðurinn er reistur.

Útveggir

Samsetning veggja. Stoðir í langveggjum (50x125 mm) eru festar við reim (50x125mm) að ofan og neðan með BMF vinklum 90X90X65 og boltast með 10 mm galvaniseruðum snittteinum. Stoðir í gaffl- og milliveggi eru festar við einfalda reim að neðan (50x125 mm) og þaksperru að ofan (50x200 mm). Stoðir eru festar við reim að neðan á sama hátt og í langveggjum, en að ofan er tekið úr stoðunum fyrir sperrunum og sperrurnar festar við stoðirnar með tveim 8 mm heitgalvaniseruðum skrúfum, lengd 100 mm.

Bitar við hurða og gluggagöt. Þverbita milli stoða skal skrúfa með 2 stk. REX-skrúfum 8/120 mm, þar sem minna mæðir á þeim, en með BMF vinklum 90x90x65 og bolta með 10 mm galvaniseruðum snittteinum og 4 stk. REX-skrúfum 8/120 hvorum megin, þar sem meira mæðir á. Þar sem liggjandi bitar 50x200 mm festast við vegggrindur skal taka úr stoðunum fyrir þeim og skrúfa þá fasta við stoðir með þremur REX-skrúfum 8/120 mm. Auk þess skal þéttskrúfa bitana og liggjandi reimina saman með REX-skrúfum 6/100 c/c 400 mm. Enn fremur skal festa þverbita við stoðir með BMF vinklum og REX-skrúfum eins og lýst er hér að ofan.

Festing veggja við gólf. Veggir eru festir við gólf með 10 mm frönskum skrúfum c/c 600 og í hvern gólfbita á langveggjum.

Frágangur útveggja

Samsetning og krossviðsklæðning. Hornstoðir skal skrúfa saman með REX-skrúfum 6/100 c/c 400 mm. Veggir eru síðan heilklæddir með 9 mm vatnsþolnum krossvið sem er límdur utan á trégrind og þéttskrúfaður með galv. Skrúfum 5/45 c/c 300 mm. Krossvið skal fella þétt að gluggum.

Listar og útklæðning. Utan á krossvið skulu skrúfast lóðréttir timburlista (25x50 mm) til að mynda loftbil milli klæðningar og krossviðs. Liggjandi klæðning er negld með ryðfríum nöglum utan á listana. Músahelt álnet er sett yfir loftrauf að neðanverðri klæðningu.

Einangrun, rakavarnarlag og klæðning inni. Útveggir eru einangraðir með 5" einangrun. Innan við einangrunina og stoðirnar kemur byggingarplast (rakavarnarlag) sem líma skal tryggilega á öllum samskeytum, svo og fella þétt í raufar á gluggum. Utan á byggingarplastið koma síðan 25x50mm listar sem eru síðan klæddir viðarklæðningu.

Léttir innveggir

Samsetning veggja. Stoðir í innveggjum (50x100 mm) eru festar við einfalda reim (50x100mm) að ofan og neðan með BMF vinklum 90 án/st og boltast með 10 mm galvaniseruðum snittteinum og 2x4 kambsaum 40/40.

Festing veggja við gólf. Veggir eru festir við gólf með 10 mm frönskum skrúfum c/c 600 á gafflveggjum eða í hvern gólfbita á langveggjum. Einangrun og klæðning inni. Innveggi skal einangra með 4" steinullareinangrun. Utan á burðargrindina beggja vegna kemur síðan viðarklæðning.

Þak

Þaksperrur. Sperrur 50x200 mm eru festar við reim ofan á langveggjum með tveimur BMF 90x90x65 vinklum og 3 stk. 10 mm snittteinum. Sperrur eru festar við mæni með tveim stk. BMF 106 vinklum og sem neglast með 4x4 stk. kambs. 40/40 og 2 stk. 10 mm boltum gegnum sperrur og 1 stk. 12 mm bolta gegnum mæni. Mæni er gerður úr 2 stk. 50x200 samboltuðum sperrum sem boltaðar eru saman með 12 mm festiboltum sem halda sperruendum (c/c 600).

Fúaverja skal vel þær sperrur og þann hluta sperra sem eru utan húss og minnst 60 cm inn fyrir útveggi.

Togbönd. Togbönd 50x100 mm boltast og neglast utan í sperrur með 1stk. 12 mm bolta og 6 stk. galv. saum 6/100. Í hvorn enda. Togbönd skulu vera gagnvarin með a-gagnvörn.

Súlur og langbönd undir þak. 100x100 mm gagnvarðar timbursúlur koma á nokkrum stöðum milli þaks og undirstöðu. Súlur eru festar við langband að ofan og við langbita að neðan með 2 stk. 12 mm heitgalv. boltum í báða enda. Timbursúlur og langbitar undir þakskeggi skulu vera úr gagnvörðu timbri með a-gagnvörn.

Frágangur þaks.

Klæðning. Þak skal klæða með 25 x 150 borðaklæðningu sem neglist með 3 stk. 4" saum í hverja sperru. Þakklæðningu skal klæða með tjörupappa og bárujárns-klæðningu þar ofan á og skal negla hana með nöglum frá framleiðendum járnins og í samræmi við Rb. blöð.

Loftun, einangrun og klæðning. Setja skal 25 x 25 mm lista til að mynda loftbil undir þakklæðningu og tryggja loftraufar á þakbrúnunum. Einangra skal þak með 6" Steinullareinangrun og skal hún hafa þar til gerða þéttull efst sem myndar neðri brún loftbils. Neðan við einangrun skal setja byggingarplast, þar undir 25 x 50 mm lista fyrir raflagnir og loftklæðningu.

ÚTGÁFA	DAGSETNING	TEIKNAD	YFIRFARID	SAMPYKKT
EDLI BREYTINGAR				
HANNAD:	RK	DAGS.:		
TEIKNAD:	KVARDI:		1:50	
YFIRF.:	VERK NR.:		5146-56	
SKRÁ:	5146-56-01	TEIKN.NR.: 5146-56-05		

SAMP. *Ragn Eirbjörnsson* *RE*

FRUMSTÆRÐ BLAÐS A2
BLAÐSTÆRÐ A3, MINNKUN 1:√2

ÁSBRAUT 11
Í LANDI ÁSGARDS, GRÍMSNESI

Sumarbústaður
Skýringar



SUDURLANDSBRÁUT 4 108 REYKJAVÍK NETFANG: fjarhitun@fjarhitun.is
SÍMI 578 4500 - FAX 578 4599 VEFSDA: www.fjarhitun.is
KENNITALA: 700186-1649